

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

#### 2. gr.

*Sorprehinsunargjald* greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 13.396 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpeyðingargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 13.396 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpjald fyrirtækja* greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 26.792 kr. á ári, sem er annars vegar 13.396 kr. í sorprehinsunargjald og hins vegar 13.396 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi (kr. 26.792), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 18.886 kr./ári.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt 3. gr.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttoku úrgangs á safnstöð og sorphaugum skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	Kr.
<i>Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:</i>	
0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0
0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	1.600
0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	2.400
1,0 m <sup>3</sup>	3.200
Óflokkað	Kr./kg m.vsk
<i>Blandaður úrgangur:</i> Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnað ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	18
<i>Grófur úrgangur:</i> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	20
Flokkað	
<i>Timbur:</i> Hvítmálað, plasthúðað og blandað	17
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	11
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0

<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
<i>Annað:</i>	
Smádýrahræ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	12
Fljótandi úrgangur (seyra)	12
Húsdýraúrgangur	0
Ómengáður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefnar eða til landmótunar á urðunarstað)	12

Íbúar geta skilað allt að  $\frac{1}{2}$  rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfjrálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir  $\frac{1}{4} \text{ m}^3$  bera lágmarksgjald kr. 2.580.

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

#### 4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjalddagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

#### 5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 13. desember 2018, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 922/2016.

*Vopnafirði, 13. desember 2018.*

**Pór Steinarsson** sveitarstjóri.